



9. fundur stjórnar LH 2022-2024
19. maí 2023 kl. 13:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Hákon Hákonarson Sóley Margeirsdóttir, Edda Rún Ragnarsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Gróa Baldvinsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Randi Holker.

Fjarverandi: Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Birna Tryggvadóttir og Valdimar Magnús Ólafsson.

Forföll boðaði: Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Landsmót 2024

Viðræður Hestamannafélagsins Spretts og Hestamannafélagsins Fáks, um að halda sameiginlega Landsmót 2024 á félagssvæði Fáks, hafa gengið vel.

Núgildandi samningur um Landsmót 2024 er við LM 2022 ehf. sem er að fullu í eigu Spretts. Lagt er upp með að samstarf Spretts og Fáks um landsmót verður á þá leið að Fákur eignast helmingshlut á móti Spretti í því eignarhaldsfélag sem ber ábyrgð á framkvæmd og undirbúningi mótsins og eru eigendur þess fjárhagslega ábyrgir fyrir skuldbindingum þess í jöfnu hlutfalli við eignarhlut sinn og skipta hagnaði í sömu hlutföllum. Fákur, Sprettur og LH munu skipa einn aðila hver í stjórn félagsins LM 2022 ehf. og stjórnin skipar fimm manna framkvæmdanefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd og undirbúningi mótsins, skal framkvæmdanefnd skipuð með hæfni og reynslu í huga. Gengið verður frá ráðningu framkvæmdastjóra á næstu dögum og eftir atvikum og framvindu, fjármálastjóra og markaðsstjóra.

Fákur leggur til mótssvæði sitt í Víðidal í fullbúnu standi, sem LM 2022 ehf. leigir og skilar til baka í sama ástandi 10 dögum eftir að móti lýkur.

Afgreiðsla: LM ehf. veitt heimild til að uppfæra samning um Landsmót 2024 í samræmi við ofangreindar tillögur Spretts og Fáks. Samþykkt að skipa Guðna Halldórsson f.h. LH í stjórn þess eignarhaldsfélags sem samningurinn um Landsmót 2024 er gerður.

Fundi slitið kl. 13:30